

# Aima qaqqap Arnaalu

Höfundur texta og mynda: Bolatta Silis-Høegh (Grænlandi) Milik publishing, 2020  
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2021.

Sögupráður: Aima er í þriðja bekk og býr á Grænlandi. Dag einn er hún samferða vinkonu sinni heim úr skólanum. Á leiðinni dettur þeim í hug að heimsækja ömmu Mathildu sem býður þeim upp á kræsingar og spennandi sögur.

Efnisorð: Grænland, náttúra, menning fyrri tíma andspænis nútímanum, kynslóðir mætast, matarmenning, prakkarastrik, vinátta, ensk orð

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Sjáið þið stelpuna Aima? Hvað eru börnin í bókinni að gera? Teiknið saman snjókorn og klippið þau út.

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Aima á heima á Grænlandi. Hvað heitir landið þitt? Hvernig heldur þú að hægt sé að ferðast til Grænlands?
3. Finnur þú upp á leikjum á leiðinni heim? Hvernig leikjum?
4. Finnst þér gaman að prófa nýjan mat? Hefurðu prófað að bragða á óvenjulegum mat? Hvaða matur var það?
5. Minnisleikur. Virtu aðeins fyrir þér myndina á forsíðunni. Lokaðu augunum. Teldu upp allt sem þú manst eftir á myndinni.

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvernig er samband þitt við eldra fólk? Manstu eftir einhverri spennandi sögu sem eldri manneskja hefur sagt þér?




2. Hvernig heldurðu að amman líti út? Teiknaðu hana!

3. Amman fylgist með því sem er að gerast í kringum hana. Af hverju heldurðu að hún geri það? Er það gott eða slæmt?

4. Skoðaðu myndirnar í bókinni. Hvað dettur þér í hug þegar þú horfir á þær? Hvernig myndir þú myndskreyta þína bók?

5. Hvaða grænlenka mat finnurðu í sögunni?

6. Hvað myndirðu bjóða vinum þínum upp á ef þeir kæmu í heimsókn? Sýndu það með því að teikna mynd af matnum á borðinu.



## BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Skoðaðu kort af Norðurlöndunum. Hvaða lönd eru næst Grænlandi?

3. Grænland er með sjálfstjórn en í ríkissambandi við Danmörku. Veistu um önnur svæði með sjálfstjórn?

4. Hvað vinnurðu sem minnir á Danmörku og Færeyjar í teikningunum?

5. Taktu viðtal við eldri manneskju og spurðu hvernig líf hennar var í æsku.

6. Bolatta, höfundur myndanna, ákvað að sýna ekki andlit fullorðna fólksins. Hvers vegna heldurðu að hún hafi gert það?

7. Börnin í bókinni nota mörg ensk orð. Notar þú ensk orð eða orðasambönd? Nefndu dæmi, hvers vegna gerirðu það og hvenær?

8. Hverjum heldurðu að myndabækur séu ætlaðar? Hvers vegna?

9. Bolatta blandar saman teikningum og klippimyndum. Skrifaðu sögu um þig og vini þína og notaðu sömu tækni og Bolatta.

## ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

En skikkelig flink liten reingjeter. Höfundar: Anne-Grethe Leine Bientie og Meerke Laimi Thomasson Vekterli

### MÁLAMOLI

## "Amma"

sænska

Farmor

danska

Farmor

norska

Farmor

íslenska

Amma

færeyska

Omma

grænlandska


Aanaq

finnska

Isoäiti

norðursamíska

Áhkku



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)